

Viðburðadagatal Halloakureyri.is / Visitakureyri.is

Leiðbeiningar varðandi innsetningu á efni inn á viðburðayfirlit – bæði fyrir viðburðir og dagsferðir:

- 1) Farið inn á hlekkinn <https://www.visitakureyri.is/is/vidburdadagatal/submit>
- 2) Skrá nafn og netfang tengiliðs.
- 3) Upplýsingar um viðburð: Skrá heiti viðburðarins á íslensku og einnig á ensku ef viðburðurinn hentar líka fyrir þátttakendur sem ekki skilja íslensku (sleppa má öllum ensku reitunum ef viðburðurinn hentar ekki enskumælandi – en fylla þarf í alla reiti á við íslensku ef kynningin á líka að vera ensku megin á visitinu).
- 4) Flokkar viðburðar: Hér á að haka við þá þætti sem eiga við viðburðurinn, ef um dagsferð er að ræða á bara að haka í þann reit (engan annan).
- 5) Viðburður hefst og lýkur: Hér er einungis skráð hvernig opnunin er upphafsdag viðburðarins, setjið því bara dagsetninguna á hefst og lýkur á þann dag sem sýningin eða viðburðurinn hefst, en setjið svo nánari upplýsingar um hversu lengi sýningin stendur inn í lýsinguna á viðburðinum sem kemur í punkti 10. Einnig er gott að geta þar ef opnunartíminn breytist eitthvað á milli daga.
Í þessum lið er óþarfi að skrá nokkuð í Endurtekning.
- 6) Upplýsingar um staðsetningu: Hér er gott að skrá götuheimilisfang (þá flyst bendilinn á þann stað) en einnig má þysja inn á sjálft kortið og staðsetja bendilinn nákvæmlega þar sem viðburðurinn á sér stað.
Mikilvægt er að í reitinn Staðsetning komi heiti staðarins eða heimilsfangið því það sést í viðburðadagatalinu.
- 7) Slóð viðburðar á samfélagsmiðlum: Hér má setja hlekkinn á sjálfan viðburðinn t.d. á Facebook
- 8) Upplýsingar um verð: skrá ef við á
- 9) Stutt lýsing: Mikilvægt er að skrá þennan texta en hafa mjög stuttan eða lýsandi .. hægt að skoða hvernig aðrir gera ef þú skoðar hér <https://www.visitakureyri.is/is/vidburdadagatal> því þessi texti sést í yfirlitinu yfir alla viðburðina undir fyrirsögninni og hafa textann mjög lýsandi. T.d. Tónleikar, Barna- og fjölskylduferð á vegum Ferðafélags Akureyrar Max ca 50 tákn/slög
- 10) Lýsing viðburðar: Hér er aðaltextinn um viðburðinn, segja hvað, hvenær og hvar, hér má einnig bæta við heimasíðu ef þið viljið vísa á nánari upplýsingar.
- 11) Mynd: Helst liggjandi mynd mega ekki vera stærri en 30MB, og geta verið PNG, JPG og SVG
- 12) Sendið inn viðburðinn að þessu loknu – þið fáið villumeldingu ef eitthvað hefur gleymst sem „þarf nauðsynlega að setja inn“ en býðst að öðrum kosti að forskoða viðburðinn (sjá alveg neðst) og getið þá gert frekari breytingar þ.e. neðst á síðunni kemur þá „Breyta viðburði“ eða „Senda viðburð“.
Þegar þið hafið ýtt á „Senda viðburð“ fáum við tilkynningu um að viðburður sé kominn í kerfið, við förum þá yfir viðburðinn og birtum ef allt er í lagi – að öðrum kosti gerum við lagfæringar eða heyrum í ykkur ef þess gerist þörf og birtum að því loknu.